



SKÝRSLA FRAMSÖGUMANNSS í máli E-2/10

Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Héraðsdómi Reykjavíkur, Íslandi, í máli sem rekið er fyrir dómstólnum

Þór Kolbeinsson

gegn

Íslenska ríkinu

varðandi túlkun á tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og tilskipun ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum.

I Inngangur

1. Með bréfi dagsettu 26. mars 2010, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 6. apríl sama ár, óskaði Héraðsdómur Reykjavíkur, Íslandi, eftir ráðgefandi áliti í máli sem rekið er fyrir dómstólnum milli Þórs Kolbeinssonar, stefnanda, og íslenska ríkisins, stefnda.

II Málavextir og meðferð málsins

2. Hinn 28. júlí 2001 var stefnandi, sem er íslenskur smiður, við vinnu á byggingarsvæði verslunarmiðstöðvarinnar Smáralind ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum. Stefnandi slasaðist, þegar hann féll í gegnum gipsplötur af gólfbitum millilofts sem sett hafði verið upp til bráðabirgða og lenti á steingólfi fimm metrum neðar. Hann hlaut bæði tímabundið og varanlegt líkamstjón og stefndi í kjölfarið vinnuveitanda sínum til greiðslu skaðabóta.

3. Með dómi Hæstaréttar 20. desember 2005 var skaðabótakröfu stefnanda á hendur vinnuveitanda hans endanlega hafnað.

4. Vinnueftirlitið hafði áður sagt um orsakir slyssins í skýrslu sinni:

Aðstæður á slysstað voru þær að ekki höfðu verið settar fallvarnir þar af neinu tagi, hvorki ofan á gólfbitana eða undir, eins og skylt er skv. gr. 31.2 og 33.6 í B. hluta IV. viðauka í reglum nr. 547/1996. Ekki voru heldur notuð öryggisbelti í líflínu sbr. gr. 33.9 í sömu reglum.

Orsök slyssins virðist alfarið mega rekja til þess að hvorki fallvarnir né öryggisbelti voru til staðar.

5. Í áðurgreindum dómi Hæstaréttar kemur fram að Vinnueftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu, að slysið mætti rekja til þess að hvorki voru til staðar fallvarnir né öryggisbelti á byggingarsvæðinu. Hins vegar er einnig á það bent í dóminum, að stefnandi hafi þekkt vel til aðstæðna, hann sé lærður húsasmíðameistari og með allnokkra reynslu af störfum á því sviði. Stefnandi hafi því mátt vita hvaða forvarna væri þörf við þær aðstæður sem um ræðir, og honum hafi mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af því að fara um svæðið með því að stikla eftir þverbitum. Ekki var í dóminum talið að þörf hefði verið á, að vinnuveitandi stefnanda gæfi honum sérstök fyrirmæli eða leiðbeiningar þar að lútandi. Eins og atvikum málsins var háttað og með vísan til 1. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, var talið að skyldan til að grípa til varúðarráðstafana hafi verið í verkahring stefnanda sjálfs. Samkvæmt þessu taldi Hæstiréttur ekki unnt að rekja slysið til sakar vinnuveitanda stefnanda.

6. Hinn 1. október 2009 höfðaði stefnandi mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem hann krafði stefnda, íslenska ríkið, bóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa beðið vegna þess, að Hæstaréttur hafnaði kröfu hans í dóminum 20. desember 2005. Að mati stefnanda er niðurstaða dómsins afleiðing þess, að stefndi hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum um að innleiða framangreindar tilskipanir í íslenskan rétt.

7. Hinn 17. febrúar 2010 ákvað Héraðsdómur Reykjavíkur að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og beina til hans ákveðnum spurningum. Með dómi 23. mars 2010 staðfesti Hæstiréttur kærðan úrskurð héraðsdóms um að leita ráðgefandi álits en afmarkaði nánar spurningar héraðsdóms til EFTA-dómstólsins og hvernig þær skyldu orðaðar.

III Álitaefni

8. Eftirfarandi spurningar voru því bornar undir EFTA-dómstólinn:

1. Samræmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttundu sértilskipunar í skilningi 1. mgr. 16. gr.

tilskipunar nr. 89/391/EBE) að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera ábyrgð á tjóni, sem hann verður fyrir vegna vinnuslyss, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hafi ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað?

2. Ef svarið við framangreindri spurningu er neikvætt, er íslenska ríkið þá skaðabótaskyldt gagnvart starfsmanni, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi og verið látinn í ósamræmi við ofangreindar tilskipanir bera tjón sitt sjálfur í heild eða að hluta vegna eigin sakar, á þeirri forsendu að ríkið hafi ekki staðið réttilega að innleiðingu þessara tilskipana í íslenskan rétt?

IV Löggjöf

Landsréttur

9. Eftirfarandi lýsing landsréttar er aðallega byggð á skriflegri greinargerð Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Héraðsdómariinn sem óskaði ráðgefandi álits staðfesti 22. júlí 2010 í yfirlýsingu til dómstólsins, að lýsingin væri fullnægjandi með hliðsjón af tilgangi þessarar skýrslu.

10. Samkvæmt íslenskum rétti gilda tvenns konar reglur um bótaábyrgð vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum vegna vinnuslysa. Annars vegar eru meginreglur skaðabótaréttar og hins vegar reglur vinnuréttar um rétt starfsmanns til slysabóta óháð skaðabótaábyrgð.

11. Ef starfsmaður slasast við vinnu, ber vinnuveitandi samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar ábyrgð á því tjóni sem hann eða starfsmenn hans hafa valdið af ásetningi eða gáleysi. Þetta á til dæmis við þegar líkamstjón má rekja til þess, að vinnuveitandi hefur ekki farið að reglum sem gilda um öryggi á vinnustað. Vinnuveitanda er skyldt að tryggja að aðstæður á vinnustað séu með þeim hætti, að öryggi starfsmanna sé ekki teflt í tvísýnu, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þær umfangsmiklu reglur sem settar hafa verið um heilsuvernd- og öryggismál á vinnustöðum á mismunandi starfssviðum leitast við að tryggja rétta hegðun við ákveðnar aðstæður.

12. Í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980 er mælt svo fyrir um skyldur starfsmanna:

Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verkswiðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

13. Þegar metið er hvort vinnuveitandi beri skaðabótaábyrgð má líta til eigin sakar starfsmanns. Það getur leitt til þess að ábyrgð vinnuveitanda á slysi falli

niður í heild eða að hluta. Ef sök er skipt, lækkar fjárhæð skaðabóta hlutfallslega í samræmi við skiptingu sakar. Fjárhæð skaðabóta ræðst af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Þannig var réttarstaðan þegar stefnandi varð fyrir vinnuslysinu. Réttarstaðan tók hins vegar breytingum með lögum nr. 124/2009, um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum. Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 124/2009, skerðist réttur starfsmanns sem orðið hefur fyrir líkamstjóni í starfi sínu ekki, nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.

14. Hvað hinar síðari reglur varðar er vinnuveitendum á íslenskum vinnumarkaði skylt samkvæmt almennum kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, að tryggja starfsmenn sína fyrir vinnuslysum sem valda tímabundinni eða varanlegri örorku eða dauða. Innan þessa kerfis eru tryggingabætur að meginstefnu greiddar óháð því, hvort vinnuveitandi telst hafa átt nokkra sök á slysi. Ef vinnuveitandi hefur ekki keypt slíka slysatryggingu, verður hann sjálfur að greiða hinum slasaða starfsmanni jafnháa fjárhæð og starfsmaðurinn hefði ella fengið.

15. Fjárhæð framangreindra tryggingabóta er lægri en sú sem kveðið er á um í skaðabótalögum. Ef starfsmaður á einnig rétt til skaðabóta samkvæmt þeim lögum er fjárhæð tryggingabóta dregin frá fjárhæð skaðabótanna, sbr. 3. mgr. 5. gr. skaðabótalaga.

16. Í stuttu máli má segja að öllum sem starfa samkvæmt íslenskum lögum og slasast við vinnu sína séu tryggðar bætur. Bótaréttur er óháður sök vinnuveitanda þótt fjárhæð bóta sé hærri, ef vinnuveitandi er skaðabótaskyldur samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar.

EES-réttur

17. Í 8. tl. XVIII. viðauka við EES-samninginn er vísað til tilskipunar ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (tilskipun 89/391). Tilskipunin var tekinn upp í EES-samninginn samkvæmt bókun 1 og aðlögunarliðum XVIII. viðauka.

18. Í 1. gr., I. þáttar tilskipunar 89/391 - *almenn ákvæði*, segir:

Markmið

1. *Markmið tilskipunar þessarar er að gera ráðstafanir til að stuðla að því að öryggi og heilsa starfsmanna á vinnustöðum verði bætt.*

2. *Í þessu skyni eru hér settar fram almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf, verndun öryggis og heilsu, útilokun þeirra þátta er bjóða hættu heim eða valda slysum, upplýsingar, samráð, eðlilega þátttöku*

í samræmi við landslög og/eða venjur og þjálfun starfsmanna og fulltrúa þeirra, svo og almennar viðmiðanir við framkvæmd téðra meginreglna.

[...]

19. Í 4. gr., I. þáttar tilskipunar 89/391, *Almenn ákvæði*, segir:

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lagaákvæði þau sem nauðsynleg eru til að framkvæma þessa tilskipun nái til vinnuveitenda, starfsmanna og fulltrúa starfsmanna.

2. Aðildarríki skulu einkum tryggja viðunandi stjórnun og eftirlit.

20. Í 5. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Almennt ákvæði

1. Vinnuveitanda er skylt að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við allar aðstæður í vinnu.

2. Þótt vinnuveitandi fái til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga, skv. 3.mgr. 7. gr., leysir það hann ekki undan ábyrgð á þessu sviði.

3. Skyldur starfsmanna á sviði öryggis og hollustu við vinnu skulu ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitandans.

4. Tilskipun þessi skal ekki takmarka möguleika aðildarríkjanna til að létta ábyrgð af vinnuveitanda eða takmarka hana, sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi fær ekki stjórnad, eða í atburðum er til undantekninga teljast og hafi ekki verið gerlegt að forðast afleiðingarnar þótt útrasta aðgát hafi verið sýnd.

[...]

21. Í 6. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Almennar skyldur vinnuveitenda

1. Ábyrgð vinnuveitanda felst í því að hann skal gera nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd starfsmanna, þar með taldar forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði.

Vinnuveitandi skal vera vakandi fyrir því að laga þessar ráðstafanir að breyttum kringumstæðum og hafa að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður.

2. *Vinnuveitandi skal koma í framkvæmd ráðstöfunum þeim sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. er byggjast á þeim almennu meginreglum um forvarnir sem hér fara á eftir:*

- (a) að forðast áhættu;*
- (b) að meta áhættu sem ekki er hægt að forðast;*
- (c) að sporna gegn því að áhætta geti skapast;*
- (d) að laga vinnuferlið að einstaklingnum, einkum þegar vinnustaður er hannaður, og þegar valin eru tæki og vinnu- og framleiðsluaðferðir; skal þetta einkum gert í því augnamiði að draga úr einhæfni við færibandavinnu eða vinnu sem líkist henni svo koma megi í veg fyrir heilsuspillandi áhrif sem slíkt kann að hafa á starfsmenn;*
- (e) að aðlagast tækniframförum;*
- (f) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt;*
- (g) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi;*
- (h) að ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt hafi forgang fram yfir ráðstafanir til að vernda einstaka menn;*
- i) að starfsmenn fái viðeigandi tilsögn.*

[...]

22. Í 7. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Þjónusta á sviði verndar og forvarna

1. Með fyrirvara um skyldur þær sem greint er frá í 5. og 6. gr. skal vinnuveitandi tilnefna einn eða fleiri starfsmenn til að vinna að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.

[...]

23. Í 9. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Ýmsar skyldur vinnuveitenda

1. Vinnuveitandi skal:

- a) *hafa undir höndum mat á áhættu er varðar öryggi og hollustu á vinnustað, að meðtalinni þeirri áhættu sem sérstökum hópum starfsmanna er búin;*
- b) *ákveða hvaða verndarráðstafanir skal gera og, ef nauðsyn krefur, hvaða hlífðarbúnað ber að nota;*

[...]

2. *Aðildarríkin skulu, með tilliti til eðlis starfseminnar og stærðar fyrirtækjanna, skilgreina skyldur sem fyrirtækjum af hinum ýmsu gerðum eru lagðar á herðar að því er varðar gerð skjala þeirra sem kveðið er á um í a- og b-liðum 1. mgr. [...]*

24. Í 10. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Upplýsingar til starfsmanna

1. *Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar fái, í samræmi við landslög og/eða venjur þar sem meðal annars er hægt að taka mið af stærð fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar, allar nauðsynlegar upplýsingar um:*

- (a) *áhættu sem öryggi og heilsu er búin og verndar- og forvarnarráðstafanir og aðgerðir er snerta bæði fyrirtækið og/eða stofnunina almennt og hverja gerð vinnuaðstöðu og/eða starfs;*

[...]

2. *Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að vinnuveitendur starfsmanna annarra fyrirtækja og/eða stofnana sem hafa með höndum verk innan fyrirtækis hans og/eða stofnunar, fái, í samræmi við landslög og/eða venjur, nægilegar upplýsingar um atriði þau sem um er rætt í a- og b-liðum 1. mgr. og ætlaðar eru umræddum starfsmönnum.*

3. *Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að starfsmenn sem sérstaklega er ætlað að sinna verndun öryggis og heilsu eða öryggis- og heilbrigðisfulltrúar starfsmanna hafi, í samræmi við landslög og/eða venjur, aðgang að:*

- (a) *áhættumati því og verndarráðstöfunum sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr. 9. gr.;*

[...]

- (c) *upplýsingum þeim er í ljós koma við verndar- og forvarnarráðstafanir og upplýsingum frá eftirlitsstofnunum og aðilum sem bera ábyrgð á málefnum er varða öryggi og hollustuvernd.*

25. Í 11. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

1. Vinnuveitendur skulu hafa samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og heimila þeim að taka þátt í umræðum um öll mál er tengjast öryggi og hollustu á vinnustöðum.

[...]

26. Í 12. gr., II. þáttar tilskipunar 89/391, *Skyldur vinnuveitenda*, segir:

Þjálfun starfsmanna

1. Vinnuveitandi skal tryggja að hver starfsmaður fái nægilega þjálfun að því er varðar öryggi og hollustu, meðal annars með upplýsingum og tilsögn sem sniðin er að vinnuaðstöðu hans og starfi:

[...]

27. Í 13. gr. tilskipunar 89/391, sem er eina greinin í III. þætti, *Skyldur starfsmanna*, segir:

1. Sérhver starfsmaður er ábyrgur fyrir því að gæta eigin öryggis og heilsu eftir því sem hann hefur tök á, svo og annarra einstaklinga sem aðgerðir hans eða aðgerðaleyfi á vinnustað snertir, í samræmi við þjálfun hans og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið honum.

2. Í þessu skyni ber starfsmönnum einkum, í samræmi við þjálfun sína og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið, að gæta þess að:

(a) *nota vélar, tæki, verkfæri, hættuleg efni, flutningatæki og annan búnað á réttan hátt;*

(b) *nota persónuhlífar sem þeim er séð fyrir á réttan hátt og skila þeim á sinn stað eftir notkun;*

[...]

(d) *upplýsa vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu án tafar um allar*

aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar;

[...]

28. Í b-lið 16. tl. XVIII. viðauka EES-samningsins er vísað til tilskipunar ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (tilskipun 92/57). Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með bókun 1 og aðlögunarliðum XVIII. viðauka.

29. Í 9. gr. tilskipunar 92/57 segir:

Skyldur vinnuveitenda

Til að tryggja öryggi og heilsu á byggingarsvæðinu samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 6. og 7. gr. skulu vinnuveitendur:

(a) einkum við framkvæmd 8. gr., gera ráðstafanir sem samræmast lágmarkskröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka;

[...]

30. Í 12. gr. tilskipunar 92/57 segir:

Samráð og þátttaka starfsmanna

Samráð og þátttaka starfsmanna og/eða fulltrúa þeirra skal fara fram í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og fjallað er um í 6., 8. og 9. gr. þessarar tilskipunar sem tryggja, eftir því sem nauðsyn krefur, tilhlýðilega samhæfingu starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna í fyrirtækjum þar sem stunduð er starfsemi er fer fram á vinnustað, með hliðsjón af hættustigi og stærð vinnusvæðis.

31. Liður 1.2 í A. hluta, *Almennar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæði*, í IV. viðauka við tilskipun 92/57, *Lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd fyrir byggingarsvæði*, er svohljóðandi:

1.2. Aðgangur að gangflötum úr efni sem er ekki nægilega traust er óheimill nema fyrir hendi sé viðeigandi búnaður eða ráð til að tryggt sé að vinna geti farið fram á öruggan hátt.

32. Liður 10.4 í A. hluta, *Almennar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæði*, í IV. viðauka við tilskipun 92/57, *Lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd fyrir byggingarsvæði*, er svohljóðandi:

10.4. [...]

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum.

[...]

33. Liður 1 í I. hluta, *Vinnustaðir innanhúss á byggingarsvæði*, í B-hluta, *Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæðum*, í IV. viðauka við tilskipun 92/57, *Lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd fyrir byggingarsvæði*, er svohljóðandi:

1. Stöðugleiki og traustleiki

Athafnasvæði skulu vera nægilega stöðug og traust til að það hæfi notkun þeirra.

V Skriflegar greinargerðir

34. Í samræmi við 20. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins og 97. gr. starfsreglna hans hafa skriflegar greinargerðir borist frá eftirtöldum aðilum:

- Stefnanda, Þóri Kolbeinssyni. Í fyrirsvari er Einar Gautur Steingrímsson, hrl., Reykjavík.
- Stefnda, íslenska ríkinu. Í fyrirsvari er Einar Karl Hallvarðsson, hrl. á skrifstofu ríkislögmans, Reykjavík.
- Konungsríkinu Belgíu. Í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Liesbet Van den Broeck og Marie Jacobs, á lagaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.
- Ríkisstjórn Noregs. Í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Ketil Bøe Moen, lögfræðingur á skrifstofu ríkislögmans, og Kaja Moe Winter, ráðgjafi í utanríkisráðuneytinu.
- Eftirlitsstofnun EFTA, í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Ólafur Jóhannes Einarsson og Lorna Armati, lögfræðingar á lögfræði- og framkvæmdasviði.
- Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna. Í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Gérard Rozet og Johan Enegren.

Stefnandi

Fyrri spurning

35. Stefnandi bendir á, að tilskipunum 89/391 og 92/57 sé ætlað að stuðla að því að bæta öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Með vísan til formála tilskipunar 89/391 bendir stefnandi enn fremur á, að þetta markmið eigi ekki að víkja fyrir hreinum efnahagslegum sjónarmiðum.

36. Stefnandi lítur svo á að, að með dómi Hæstaréttar 20. desember 2005 hafi hreinum efnahagslegum sjónarmiðum verið skipað ofar því markmiði að vernda starfsmenn, í trássi við fyrirmæli tilskipananna.

37. Stefnandi telur tilskipun 89/391 mæla svo fyrir, að taka eigi tillit til þeirrar hættu sem starfsemi hefur í för með sér og tryggja bætt öryggi og heilsufar starfsmanna við skipulagningu vinnusvæða. Að mati stefnanda virti vinnuveitandi hans þessar skyldur að vettugi. Enn fremur telur stefnandi, að vinnuveitandi hans hafi látið undir höfuð leggjast að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Að sögn stefnanda komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að verklag við starfsemi vinnuveitandans hafi verið með þeim hætti að ekki hafi verið unnt að koma fyrir þeim öryggisbúnaði, sem lög gerðu kröfu um.

38. Stefnandi bendir á að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 89/391 beri aðildarríkjum sérstaklega að tryggja viðunandi stjórnun og eftirlit. Þá heldur stefnandi því fram að í fyrra málinu hafi Hæstarétti ekki þótt sannað að honum hafi verið gefin nein sérstök fyrirmæli. Engu að síður var hann talinn bera ábyrgð á slysinu.

39. Stefnandi fjallar því næst um 5. gr. tilskipunar 89/391 og heldur því fram, að sú niðurstaða Hæstaréttar að telja hann bera ábyrgð á slysinu, sé ósamrýmanleg þeirri grein. Stefnandi leggur áherslu á þá skyldu vinnuveitanda sem lýst er í 1. mgr. 5. gr., að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna í einu og öllu sem við kemur vinnunni. Hann vísar einnig til ákvæða 3. mgr. 5. gr., sem fjalla um skyldur starfsmanna á sviði öryggis og hollustu, og telur þau ekki geta haft áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitanda.

40. Stefnandi tekur fram, að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. beri vinnuveitanda að gera nauðsynlegar ráðstafanir sem lúta að öryggi og heilsuvernd, þar með taldar varnir gegn vinnuslysum. Sú röksemd Hæstaréttar, að það hafi verið erfiðleikum háð að fullnægja öryggiskröfum stenst ekki að mati stefnanda, þar sem ekki megi skipa efnahagslegum sjónarmiðum ofar öryggissjónarmiðum. Stefnandi telur vinnuveitanda skylt að bera allan nauðsynlegan kostnað við að fullnægja öryggiskröfum, og því megi af dómi Hæstaréttar 20. desember 2005 ráða, að íslensk löggjöf fullnægi ekki þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru í tilskipun 89/391.

41. Stefnandi bendir einnig á, að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sé vinnuveitanda, í samræmi við meginreglur um forvarnir, skylt að koma þeim ráðstöfunum í framkvæmd sem vísað er til í 1. mgr. sömu greinar, þar á meðal að forðast áhættu, meta þá áhættu sem ekki er hægt að forðast, sýna varkárni við skipulagningu vinnusvæða og gefa starfsmönnum viðeigandi leiðbeiningar. Bæði stefnandi og samstarfsmenn hans tveir á byggingarsvæðinu hafi haft litla þekkingu á tungumálum hvers annars, þeir hafi verið óvanir verklagi hvers annars og ekki haft boðvald hver yfir öðrum. Að þessu virtu heldur stefnandi því fram, að viðeigandi leiðbeiningar hafi verið sérstaklega mikilvægar þegar

aðstæður á slysstað eru hafðar í huga. Stefnandi fullyrðir einnig að ekkert hættumat hafi verið gert og tekur fram, að hann hafi sjálfur ekki haft vald til skipa samstarfsmönnum sínum fyrir eða leiðbeina þeim.

42. Stefnandi heldur því fram, að 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/391 mæli fyrir um skyldur annarra en vinnuveitanda varðandi varnir gegn vinnuslysum, án þess þó að leysa vinnuveitanda undan þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt 5. og 6. gr.

43. Stefnandi segir einnig að vinnuveitandi hans hafi ekki gert neitt hættumat í skilningi 9. gr. tilskipunar 89/391 og að hann hafi heldur ekki tekið neinar ákvarðanir sem lutu að forvörnum. Jafnframt heldur stefnandi því fram að vinnuveitandi hans hafi vanrækt upplýsingagjöf til starfsmanna samkvæmt 10. gr. og að hann hafi látið undir höfuð leggjast að ráðgast við starfsmenn og veita þeim þjálfun, eins og honum sé skylt samkvæmt 11. og 12. gr.

44. Loks telur stefnandi, að því er varðar tilskipun 89/391, að túlka beri ákvæði 13. gr. hennar um skyldur starfsmanns með hliðsjón af 3. mgr. 5. gr., þar sem meginreglan um ábyrgð vinnuveitanda komi fram. Þá er því haldið fram, að niðurstaða Hæstaréttar 20. desember 2005 gangi í raun í gagnstæða átt, þar eð Hæstiréttur hafi litið svo á að samkvæmt íslenskum rétti sé ábyrgð starfsmanns á eigin öryggi ríkari skyldum vinnuveitanda.

45. Stefnandi vísar til formála tilskipunar 92/57 og bætir því við að tilskipuninni sé meðal annars beint gegn slælegri skipulagningu verks á undirbúningsstigi. Stefnandi staðhæfir, að vinnuveitandi hans hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem lagðar eru á vinnuveitendur í 9. gr. tilskipunarinnar, og að hann hafi látið undir höfuð leggjast að tryggja samráð við starfsmenn og þátttöku þeirra varðandi útfærslu á fyrirbyggjandi ráðstöfunum og öryggismálum, í samræmi við 12. gr.

46. Í tengslum við 9. gr tilskipunarinnar bendir stefnandi jafnframt á lið 1.2 í A-hluta IV. viðauka, þar sem fram kemur að aðgangur að gangflötum úr efni sem ekki er nægilega traust sé óheimill, nema fyrir hendi sé viðeigandi búnaður eða ráð til að tryggt sé að vinna geti farið fram á öruggan hátt. Enn fremur vísar stefnandi í lið 10.4 sem mælir fyrir um að grípa verði til viðeigandi ráðstafana til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að hættulegum svæðum. Að síðustu er bent á lið 1 í I. þætti, B-hluta IV. viðauka, þar sem fram kemur að athafnasvæði skulu vera nægilega stöðug og traust til að það hæfi notkun þeirra. Að mati stefnanda hafði ekkert verið aðhafst til að tryggja örugga framkvæmd vinnunnar við þær kringumstæður sem voru þegar slys hans varð.

47. Samkvæmt framansögðu telur stefnandi að fyrri spurningunni beri að svara neitandi.

Síðari spurning

48. Aðalröksemd stefnanda varðandi síðari spurninguna er sú að það leiði af dómi Hæstaréttar 20. desember 2005, að með 1. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, leggi íslensk lög svo ríkar skyldur á herðar starfsmönnum varðandi eigið öryggi, að það leysi vinnuveitanda í raun undan ábyrgð vegna gáleysis. Stefnandi telur þetta ganga í berhögg við tilskipanir 89/391 og 92/57.

49. Þá heldur stefnandi því einnig fram að niðurstaða Hæstaréttar í umræddu máli brjóti gegn 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt henni beri að skýra íslensk lög og reglur til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

50. Stefnanda virðist sem Hæstiréttur hafi í dóminum 23. mars 2010 komist að þeirri niðurstöðu, að úr því að ekki hafi sérstaklega verið vísað til 3. gr. laga nr. 2/1993 í málsókn stefnanda á hendur vinnuveitanda sínum, hafi ekki borið nauðsyn til að leita ráðgefandi álits varðandi þetta atriði. Umræddan dóm megi skilja þannig að hann gefi til kynna, að vegna þess hvernig stefnandi hagaði upphaflegum málatilbúnaði gegn vinnuveitanda sínum sé ekki unnt að byggja dóm gegn íslenska ríkinu á meintum mistökum Hæstaréttar. Að mati stefnanda stenst slík röksemdafærsla ekki. Hann heldur því fram, að Hæstirétti hafi skilyrðislaust borið að skýra íslenskan rétt til samræmis við tilskipanir 89/391 og 92/57.

51. Því er enn fremur haldið fram, að niðurstaða dóms Hæstaréttar 20. desember 2005 hefði orðið önnur og stefnanda verið dæmdar skaðabætur, ef umræddar tilskipanir hefðu verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt, eða ef niðurstaða dómsins hefði verið í samræmi við efni þeirra. Hvort heldur sem er, liggi fyrir brot á EES-samningnum sem íslenska ríkið beri ábyrgð á. Að mati stefnanda ber að leiðrétta það með því að dæma honum skaðabætur úr hendi íslenska ríkisins, sem geri hann eins settan og hann hefði orðið ef Hæstiréttur hefði dæmt honum skaðabætur í dóminum 20. desember 2005.

52. Stefnandi telur í samræmi við þær málsástæður sem hann hefur teft fram, að svara beri síðari spurningunni játandi.

Stefndi

Almennt

53. Að mati stefnda er nauðsynlegt að fjalla í upphafi stuttlega um málatilbúnað stefnanda í máli þessu. Stefnandi haldi því fram að vinnuveitandi hans hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustöðum. Stefndi fær ekki séð að þessi staðhæfing tengist neinum annmörkum á aðlögun íslenskra laga að tilskipunum 89/391 og 92/57. Stefndi bendir á að ekki verði ráðið af stefnu málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að stefnandi byggi

málatilbúnað sinn á því að misræmi sé á milli íslenskra laga eða stjórnvaldsfyrirmæla og fyrrnefndra tilskipana. Stefnandi virðist fremur byggja málatilbúnað sinn á því, að það sé dómur Hæstaréttar í máli hans gegn vinnuveitanda sínum sem endurspeglir ranga innleiðingu umræddra tilskipana, að því marki sem eigin sök hans hafi staðið því í vegi að skaðabótakrafa hans næði fram að ganga.

54. Stefndi bendir á að spurningarnar í beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur um ráðgefandi álit séu almenns eðlis, og þar sé ekki minnst á þær staðreyndir sem skiptu sköpum fyrir úrlausn Hæstaréttar í málsókn stefnanda á hendur vinnuveitanda hans. Þá sé heldur ekki vísað til neinna tiltekinna ákvæða hinna umræddu tilskipana. Spurningarnar eigi samt rætur í kröfum stefnanda á hendur vinnuveitanda hans og úrlausn Hæstaréttar í því máli. Umfjöllun þessara atriða af hálfu stefnda verði því að snúast almennt um þá spurningu, hvort það samræmist tilskipununum að starfsmanni, sér í lagi starfsmanni með sérfræðimenntun- og þekkingu, sé sjálfum gert að bera skaðann af vinnuslysi, þrátt fyrir ófullnægjandi öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum. Í þessu samhengi er bent á að Hæstiréttur virðist hafa litið svo á, að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í ljósi þekkingar hans á vinnusvæðum, menntunar hans og reynslu.

Fyrri spurningin

55. Stefndi bendir á að ákvæði tilskipana 89/391 og 92/57 leggi ýmsar skyldur á vinnuveitendur. Samkvæmt íslenskum lögum beri vinnuveitendum að fara eftir þessum reglum, þar sé mælt fyrir um viðurlög ef misbrestur verður þar á og um eftirlit stjórnvalda með að reglunum sé fylgt.

56. Stefndi heldur því einnig fram að meginreglur skaðabótaréttar hafi sjálfstætt gildi og geti haft áhrif á réttarstöðu starfsmanns sem verður fyrir vinnuslysi. Slíkt geti átt við þegar starfsmaður heldur vinnu sinni áfram, þótt telja verði að hann hafi haft þekkingu á kringumstæðum og getu til að átta sig á því undir eins, að nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafi ekki verið gerðar.

57. Það er álit stefnda að grundvallarreglur skaðabótaréttar falli að meginstefnu til utan gildissviðs EES-samningsins. Það sé fyrst og fremst á forræði hvers aðildarríkis og dómstóla þess að ákvarða hvort og í hvaða mæli skaðabótaábyrgð vegna tjóns hafi stofnast. Stefndi telur að greina verði á milli spurninga um, hvort aðildarríki baki sér bótaskyldu vegna brota á EES-reglum ef viðeigandi skilyrðum slíkrar bótaskyldu er fullnægt, og spurninga um hvernig skylda til greiðslu skaðabóta stofnast samkvæmt landsrétti. Stefndi bendir á að í öllum málum þar sem EFTA-dómstóllinn hefur talið skilyrðum bótaskyldu fullnægt, hafi hann að meginreglu talið að bætur eigi að ákvarða samkvæmt landsrétti. Þá er þess einnig getið, að reglur landsréttar um bætur vegna brota á EES-reglum megi ekki leiða af sér lakari réttarstöðu en þá sem leiðir af reglum um sambærilegar innlendar kröfur. Reglurnar megi heldur ekki orða með þeim hætti að óþarflega erfitt eða ómögulegt reynist að sækja slíkar bætur. Enn fremur heldur stefndi því fram, að EFTA-dómstóllinn hafi talið að mat á orsakasamhengi

milli þess að ekki sé farið eftir reglum EES-réttar og tjóns ráðist af reglum landsréttar.¹ Að mati stefnda hefur dómstóllinn því almennt litið svo á, að efnisreglur skaðabótaréttar falli utan gildissviðs EES-samningsins og að það sé einungis á valdsviði dómstóla aðildarríkjanna að meta hin einstöku skilyrði skaðabóta. Telur stefndi að mat á bótaskyldu og eigin sök falli innan þessa valdsviðs.

58. Stefndi bendir á að engin ákvæði um rétt til bóta frá vinnuveitanda séu í tilskipunum 89/391 og 92/57. Hann heldur því jafnframt fram að dómstóll Evrópubandalaganna (Evrópudómstóllinn) hafi talið að bótaábyrgð vinnuveitanda verði ekki leidd af 1. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 89/391.² Að mati stefnda leiðir jafnframt af tilvitnuðum dómi og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins að öðru leyti, að ákvæði tilskipunarinnar girði ekki fyrir að maður sem orðið hefur fyrir tjóni vegna vinnuslyss geti sjálfur þurft að bera tjónið. Ákvörðun um hvort bótaskilyrðum sé fullnægt sé á valdsviði dómstóla sem bærir séu að landsrétti til að leysa úr slíkum spurningum. Því telur stefndi að regla landsréttar sem byggir á því að tjónþoli beri tjón sitt sjálfur vegna eigin sakar falli utan gildissviðs EES-samningsins og fyrrnefndra tilskipana. Slík regla geti þar með ekki talist fela í sér brot á samningnum.³

59. Jafnvel þótt ekki verði fallist á þetta sjónarmið telur stefndi að reglur um eigin sök í íslenskum skaðabótarétti séu, hvað sem öðru líður, í fullu samræmi við tilskipanir 89/391 og 92/57. Í þessu samhengi er vísað til ákvæða 13. gr. tilskipunar 89/39 þar sem fjallað er um skyldur starfsmanna. Stefndi telur ákvæðin gera sérhvern starfsmann ábyrgan fyrir því að gæta eigin öryggis og heilsu, eftir því sem hann hefur tök á, svo og annarra starfsmanna sem aðgerðir hans eða aðgerðaleyfi á vinnustað snertir, í samræmi við þjálfun hans og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið honum. Jafnframt er vísað til nánari útfærslu á ýmsum atriðum þar að lútandi í 2. mgr. 13. gr. Tekið sé mið af þjálfun starfsmanns og þeim fyrirmælum sem vinnuveitandi hafi gefið, og tekið fram að starfsmanni beri að nota tæki á réttan hátt (a-liður), sem og persónuhlífar (b-liður). Enn fremur beri starfsmanni að upplýsa vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu án tafar um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar (d-liður). Stefndi lítur einnig svo á að ákvæðið samræmist 4. mgr. 5. gr., tilskipunarinnar sem hann telur fela í sér meginreglu.

60. Stefndi telur að starfsmanni beri aldrei skylda til að leysa nokkurt hættulegt verk af hendi ef annmarkar eru á öryggisbúnaði eða –ráðstöfunum. Þá er því

¹ Stefndi vísar til máls E-4/01 *Karl K. Karlsson hf.* [2002] EFTA Ct. Rep. bls. 240.

² Stefndi vísar til máls C-127/05 *Commission v United Kingdom* [2007] ECR I-4619, 42, 47 og 49.–51. mgr.

³ Stefndi vísar til máls C-445/06 *Danske Slagterier* [2009] ECR I-2119, 58.–69. mgr.

einnig haldið fram, að tilskipanir 89/391 og 92/57 leysi starfsmann ekki undan þeirri skyldu að bægja frá skaða og meiðslum og að vekja umsvifalaust athygli á annmörkum í öryggismálum, jafnvel þótt reglur um vernd starfsmanna hafi verið brotnar eða eftirliti með þeim sé ábótavant. Stefndi lítur því svo á að reglur um eigin sök í íslenskum skaðabótarétti samræmist tilskipunum að öllu leyti.

61. Að mati stefnda breytir tilskipun 92/57 engu um þá staðreynd, að tilskipun 89/391 hafi hvorki að geyma ákvæði um rétt starfsmanns til skaðabóta né um brottfall slíks réttar vegna eigin sakar. Stefndi bendir einnig á, að fyrrnefnda tilskipunin breyti í engu skyldum starfsmanna sem kveðið er á um í hinni síðarnefndu, né komi hún í stað þeirra.

62. Að lokum leggur stefndi áherslu á, að starfsmaður sem býr yfir sérþekkingu vegna menntunar sinnar og reynslu geti talist bera sök, óháð því hvort vinnuveitandi hans hafi veitt honum sérstaka þjálfun eða látið honum leiðbeiningar í té.

63. Niðurstaða stefnda er sú að svara beri fyrri spurningunni játandi og með eftirfarandi hætti:

Það samræmist ákvæðum téðra tilskipana að reglum um eigin sök sé beitt þegar skorið er úr um hvort réttur til bóta frá vinnuveitanda vegna vinnuslyss hafi stofnast, og [...] það er ekki andstætt tilskipunum að starfsmanni sé sjálfum gert, vegna eigin sakar, að bera tjón sem hann verður fyrir af völdum vinnuslyss við aðstæður eins og þær sem uppi eru í máli þessu.

Síðari spurningin

64. Stefndi telur að samkvæmt dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins séu þrjú skilyrði fyrir bótaábyrgð ríkis vegna brota á EES-reglum. Í fyrsta lagi verður reglan sem brotin er að veita einstaklingum skýrt afmörkuð og efnisleg réttindi. Í öðru lagi verður að vera um nægilega alvarlega vanrækslu á skuldbindingum ríkisins að ræða. Í þriðja lagi þarf að vera orsakasamband milli vanrækslu ríkisins á skuldbindingum sínum og tjóns bótakrefjanda.⁴ Stefndi heldur því fram, að meðal annars vegna þess að grundvöllur EES-réttar og EB-réttar sé ekki hinn sami, sé skaðabótaábyrgð ríkja samkvæmt EES-rétti undantekning en ekki meginregla.

65. Stefndi telur enn fremur að greina verði mál þetta frá fyrri dómum EFTA-dómstólsins sem snerta skaðabótaábyrgð ríkja.⁵ Í máli þessu hafi íslenska ríkið í engu hindrað stefnanda í að njóta þeirra réttinda sem tilskipanirnar veita, enda hafi þær verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt. Þá er því haldið fram að með

⁴ Stefndi vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.*, 32. mgr.

⁵ Stefndi vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.* og til máls E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir* [1998] EFTA Ct. Rep. bls. 95.

stefnumiðum íslensks réttar, eins og þau birtast í sérstökum ákvæðum, viðurlögum við brotum og lögmæltu eftirliti opinberra aðila, sé leitast við að ná sömu markmiðum og tilskipanirnar.

66. Stefndi bendir einnig á að réttarsamband stefnanda og vinnuveitanda hans sé einkaréttarlegs eðlis, og að vinnuveitandanum hafi borið að fullnægja skyldum sínum um vinnuöryggi samkvæmt íslenskum lögum.

67. Fyrsta og öðru skilyrðinu fyrir skaðabótaábyrgð ríkisins sé ekki fullnægt í máli þessu að mati stefnda. Þessu til stuðnings ítrekar stefndi röksemdir sínar varðandi fyrri spurninguna um túlkun á tilskipunum 89/391 og 92/57. Í stuttu máli telur stefndi að engan rétt til bóta leiði af tilgreindum tilskipunum.

68. Þá telur stefndi að þriðja skilyrðinu fyrir skaðabótaskyldu ríkisins sé heldur ekki fullnægt. Um þetta atriði er einnig vísað til röksemda varðandi fyrri spurninguna. Þar að auki leggur stefndi áherslu á að starfsmaður geti borið eigin sök á tjóni. Stefndi bendir á að Hæstiréttur Íslands hafi þegar komist að þeirri niðurstöðu að sú hafi verið raunin í máli þessu. Stefndi heldur því fram að líkamstjón stefnanda sé fyrst og fremst að rekja til óvarkárni hans sjálfs, þar sem hann þekkti vinnuaðstæður og hafði bæði sérstaka þekkingu og reynslu. Því telur stefndi að tjón stefnanda hafi á engan hátt tengst innleiðingu umræddra tilskipana í íslenskan rétt. Jafnvel þótt talið yrði að íslensk lagaákvæði hafi ekki að fullu verið aðlöguð efni tilskipananna, heldur stefndi því fram að ekki verði séð að orsakasamband sé á milli þess og slyssins.

69. Niðurstaða stefnda er sú að engin rök standi til þess að fallast á skaðabótaskyldu íslenska ríkisins. Jafnvel þótt fyrri spurningunni væri svarað neitandi, yrði niðurstaðan sú sama, þar eð skilyrðum fyrir bótaskyldu ríkisins, eins og þau má leiða af dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins, sé ekki fullnægt. Síðari spurningunni verði því að svara neitandi.

Ríkisstjórn Belgíu

Fyrri spurningin

70. Ríkisstjórn Belgíu telur fyrri spurninguna snúast um, hvort regla landsréttar sem heimilar að starfsmaður sé vegna eigin sakar sjálfur látinn bera tjón sitt vegna vinnuslyss, þegar sýnt hefur verið fram á að vinnuveitandi hafi ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað, sé samþýðanleg tilskipunum 89/391 og 92/57.

71. Að mati ríkisstjórnar Belgíu fær slík regla ekki samræmst tilskipun 89/391. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að jafnvel þótt ekki sé sérstaklega minnst á skaðabætur vegna líkamstjóns starfsmanns í kjölfar vinnuslyss í tilskipun 89/391, felist endanleg ábyrgð vinnuveitanda á öryggi og heilsu starfsmanna hans í skyldu til að greiða bætur vegna slíks tjóns, jafnvel þótt slysið hafi orðið (að hluta) vegna eigin sakar starfsmannsins sjálfs.

72. Til rökstuðnings er vísað til 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391. Þeim belgísku réttarreglum sem við eiga um ábyrgð vinnuveitanda á öryggi starfsmanna er einnig lýst ítarlega.

73. Lagt er til að fyrri spurningunni verði svarað með eftirfarandi hætti:

Það samræmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttundu sértilskipunar í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE) að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera ábyrgð á tjóni, sem hann verður fyrir vegna vinnuslyss, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hafi ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað.

Síðari spurningin

74. Ríkisstjórn Belgíu einskorðar skriflegar athugasemdir sínar við fyrri spurninguna og hefur því ekki teft fram sjónarmiðum varðandi hina síðari.

Ríkisstjórn Noregs

Almennt

75. Ríkisstjórn Noregs telur spurningar Héraðsdóms Reykjavíkur til dómstólsins að hluta til orðaðar þannig að ætlast sé til þess, að dómstóllinn taki gagnert afstöðu til þess hvort sú íslenska löggjöf sem við á samrýmist EES-rétti. Að mati ríkisstjórnar Noregs fellur slík gagnger beiting EES-reglna falli utan valdsviðs dómstólsins í ferlinu um ráðgefandi álit.⁶ Það sé hlutverk dómstóla aðildarríkis að meta staðreyndir máls og taka afstöðu til þess hvort skilyrðum skaðabótaábyrgðar ríkis sé fullnægt. Dómstóllinn verði því að takmarka álit sitt við umfjöllun um þær aðstæður og sjónarmið sem landsdómstóll megi taka mið af.⁷

76. Enn fremur telur ríkisstjórn Noregs að tiltekin atriði í máli þessu kalli á aðgæslu dómstólsins um hversu ítarlega hann ráðleggur Héraðsdómi Reykjavíkur. Báðar spurningar héraðsdóms virðast byggja á forsendum sem aðila málsins, að því er ríkisstjórnin fær best séð, greinir á um. Álitsbeiðnina skorti einnig fullnægjandi upplýsingar um atvik málsins og íslenska löggjöf, en þörf sé á slíkum upplýsingum svo hægt sé að taka afstöðu til þess ágreinings. Að mati

⁶ Ríkisstjórn Noregs vísar til máls E-1/07 *Criminal proceedings against A* [2007] EFTA Ct. Rep. bls. 246, 34. mgr., máls C-421/01 *Traunfellner* [2003] ECR I-11941, 21.–24. mgr., og sameinaðra mála C-428 til 434/06 *Unión General de Trabajadores de la Rioja* [2008] ECR I-6747, 77. mgr.

⁷ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls, *Karl K. Karlsson hf.*, 36. mgr.

ríkisstjórnarinnar endurspeglast í þessu atriði mikilvægi þess að verkaskiptingin á milli EFTA-dómstólsins og dómstóla aðildarríkjanna sé virt.

77. Hvað atvik málsins varðar bendir ríkisstjórn Noregs á að dómur Hæstaréttar virðist fela í sér að eigin sök stefnanda hafi átt þátt í slysinu. Hins vegar virðist dómurinn ekki kveða afdráttarlaust á um, hvort vinnuveitandinn hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt íslenskum lögum og viðeigandi tilskipunum. Fyrri spurningin hvíli þannig á þeirri forsendu sem birtist í lok hennar: „[...] þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað“. Ríkisstjórnin telur það hlutverk íslenskra dómstóla að skera úr um hvort vinnuveitandinn hafi uppfyllt öryggiskröfurnar.

78. Með sama hætti telur ríkisstjórn Noregs, að forsenda síðari spurningarinnar hljóti að vera „að ríkið hafi ekki staðið réttilega að innleiðingu“ hinna umræddu tilskipana í íslenskan rétt, eins og það er orðað í spurningunni. Þessari forsendu sé hins vegar mótmælt af stefnda, íslenska ríkinu. Ríkisstjórn Noregs telur það hlutverk íslenskra dómstóla að skera úr um, hvort fyrrnefndar tilskipanir hafi verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt.

Fyrri spurningin

79. Að mati ríkisstjórnar Noregs lýtur fyrri spurningin í meginatriðum að því hvort starfsmaður geti, vegna eigin sakar, sjálfur þurft að bera tjón sem hann verður fyrir af völdum vinnuslyss.

80. Það er skoðun ríkisstjórnar Noregs að hvorki hinar umræddu tilskipanir né EES-réttur útiloki þá niðurstöðu. Enn fremur virðist sem sú meginregla sé sameiginleg lagakerfum allra EES-ríkja, að hegðun tjónþola geti leitt til þeirrar niðurstöðu að hann þurfi sjálfur að bera tjón sitt, í heild eða að hluta.

81. Í upphafi tekur ríkisstjórn Noregs fram að EES-réttur hafi ekki samræmt meginreglur um einkaréttarlega skaðabótaábyrgð í EES-ríkjunum. Aðildarríkjunum sé því í sjálfsvald sett hvernig þau ákveða skilyrði slíkrar ábyrgðar, þar með talin áhrif hegðunar tjónþola, að því gefnu að meginreglurnar um jafnræði og skilvirka framkvæmd EES-réttar séu virtar.⁸ Ríkisstjórnin telur að þetta geti leitt til þess, að engin grundvöllur sé fyrir einkaréttarlegri skaðabótaábyrg, og með sama hætti geti sagnæm hegðun tjónþola leitt til lækkunar dæmdra skaðabóta.

82. Hins vegar telur ríkisstjórn Noregs að svigrúm EES-ríkjanna í þessum efnum lúti meginreglunum um jafnræði og skilvirkni. Í því felist, að skilyrði bótaábyrgðar megi ekki vera strangari en þau sem gilda um hliðstæðar innlendar

⁸ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Danske Slagterier*, 61. mgr., sameinaðra mála C-397&410/98 *Metallgesellschaft and Others* [2001] ECR I-1727, 101. mgr., og máls C-524/04 *Test Claimants in the Thin Cap Group Litigation* [2007] ECR I-2107, 124. mgr.

kröfur, og þau megi ekki vera sett þannig fram að það verði í reynd ómögulegt eða óhæfilega erfitt að sækja bætur.⁹

83. Ríkisstjórn Noregs fær ekki séð að neitt bendi til þess, að íslenskar reglur um skaðabætur gefi tilefni til efasemda um að þær samræmist meginreglum um jafnræði og skilvirkni. Engu að síður telur ríkisstjórnin rétt að tefla fram nokkrum sjónarmiðum í tengslum við meginregluna um skilvirkni.

84. Að mati ríkisstjórnar Noregs getur túlkun á efni tilskipunar leitt til þeirrar niðurstöðu, að skaðabætur í einhverri mynd verði að vera til staðar svo einkaaðili teljist hafa raunhæf og virk úrræði til að leita réttar síns. Af því leiði að meginreglur landsréttar um einkaréttarlega skaðabótaábyrgð kunni að þarfnast ákveðinnar aðlögunar. Minnt er á að bæði EFTA-dómstóllinn og Evrópudómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að reglur EES-ríkjanna um einkaréttarlega skaðabótaábyrgð vegna umferðarslysa séu hvorki samræmdar samkvæmt meginreglum EES-réttar né samkvæmt tilskipunum um ökutækjatrýggingar.¹⁰ Einnig hafi EFTA-dómstóllinn lagt áherslu á verulegt svigrúm EES-ríkjanna til mats í þessu tilliti, en talið að tilskipanirnar, skýrðar með hliðsjón af meginreglunni um skilvirkni, geti haft áhrif á bótakerfi, þótt slík áhrif heyri til undantekninga og séu takmörkuð að umfangi.¹¹

85. Að mati ríkisstjórnar Noregs kveða tilskipanir 89/391 og 92/57 einungis á um þær skyldur – oft með almennu orðalagi – sem vinnuveitendum og starfsmönnum ber að fara eftir, með það fyrir augum að tryggja öryggi og heilsu á vinnustöðum. Þegar tilskipanirnar eru túlkaðar og áhrif þeirra metin, telur ríkisstjórnin mikilvægt að greina annars vegar á milli þeirra skyldna sem lagðar eru á vinnuveitendur og starfsmenn, og meginreglunnar um skaðabótaábyrgð hins vegar. Um fyrrnefnda atriðið gildi reglur EES-réttar en ekki hið síðarnefnda.

86. Ríkisstjórn Noregs telur Evrópudómstóllinn hafa staðfest þennan skilning á tilskipun 89/391 í áður tilvitnuðu máli C-127/05 *Commission v United Kingdom*. Í því máli hélt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna því fram, að tilskipunin fæli óbeint í sér að vinnuveitendur bæru hlutlæga ábyrgð (sjá 38. mgr.). Evrópudómstóllinn hafnaði þessari túlkun tilskipunarinnar og taldi, að meginreglur um öryggi og heilsu starfsmanna í 1. mgr. 5. gr. tækju einungis til þeirra almennu öryggiskrafna sem vinnuveitanda bæri að hlíta, án þess þó að nokkur tegund skaðabótaábyrgðar sé þar tilgreind (sjá 42. mgr.).

87. Niðurstaða ríkisstjórnar Noregs er sú að tilskipun 89/391 og meginreglan um skilvirkni feli ekki í sér neins konar einkaréttarlega ábyrgð.

⁹ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.*, 33. mgr.

¹⁰ Ríkisstjórn Noregs vísar í þessu sambandi sérstaklega til máls E-7/00 *Halla Helgadóttir* [2000–2001] EFTA Ct. bls. 246, 30. mgr., máls C-348/98 *Ferreira* [2000] ECR I-6711, 23. mgr., og máls C-356/05 *Farrell* [2007] ECR I-3067, 32.–33. mgr.

¹¹ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Halla Helgadóttir*, 31. mgr.

88. Enn fremur telur ríkisstjórnin, að sama niðurstaða eigi við um tilskipun 92/57, þar sem ekkert þeirra ákvæða hennar sem við eiga fjalli um einkaréttarlega skaðabótaábyrgð.

89. Í ljósi framangreinds leggur ríkisstjórn Noregs til að fyrri spurningunni verði svarað játandi, með eftirfarandi hætti:

Það samræmist tilskipunum 89/391 og 92/57 að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera ábyrgð á tjóni sem hann verður fyrir af völdum vinnuslyss, jafnvel þótt fyrir liggi að vinnuveitandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt fyrrgreindum tilskipunum.

Síðari spurningin

90. Að því gættu að síðari spurningin hefur aðeins gildi fyrir mál þetta ef hinni fyrri er svarað neitandi, og því að ríkisstjórn Noregs leggur til að henni verði svarað játandi, telur hún að svara beri síðari spurningunni með eftirfarandi hætti:

Með vísan til svarsins við fyrri spurningunni, ber ekki nauðsyn til að EFTA-dómstóllinn taki afstöðu til síðari spurningarinnar.

91. Fari hins vegar svo að EFTA-dómstóllinn taki afstöðu til síðari spurningarinnar, telur ríkisstjórn Noregs nauðsynlegt að gera nokkrar almennar athugasemdir um skaðabótaskyldu ríkisins og síðan nokkrar sérstakar athugasemdir um hvert og eitt hinna þriggja skilyrða slíkrar ábyrgðar.

92. Í upphafi vísar ríkisstjórnin til b-liðar 7. gr. EES-samningsins og bendir á að EES-ríki hafa val um form og aðferð við innleiðingu tilskipana. Það sem ræður úrslitum að mati ríkisstjórnarinnar er, að löggjöf aðildarríkis grafi ekki undan markmiði þeirra ákvæða sem við eiga.¹²

93. Ríkisstjórn Noregs bendir því næst á að samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd feli EES-samningurinn ekki í sér framsal lagasetningarvalds. Í því felist meðal annars að tilskipanir hafi ekki bein réttaráhrif.¹³ Hins vegar bendir ríkisstjórnin einnig á að EFTA-dómstóllinn hafi vissulega komist að þeirri niðurstöðu, að EES-ríki geti borið skylda til að bæta fyrir tjón sem hlýst af rangri innleiðingu tilskipunar, að því gefnu að þremur skilyrðum sé fullnægt: Í fyrsta lagi verður tilskipuninni að vera ætlað að veita einstaklingum réttindi, sem tilskipunin verður að bera með sér; í öðru lagi verður brot ríkisins að vera

¹² Ríkisstjórn Noregs vísar til máls C-428/04 *Commission v Austria* [2006] ECR I-3325, mgr. 99 og 101.

¹³ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðra mála *Karl K. Karlsson hf.*, 28. mgr., og *Criminal proceedings against A*, 40. mgr.

nægilega alvarlegt; í þriðja lagi verður að vera beint orsakasamband á milli þessa brots og tjóns bótakrefjanda.¹⁴

94. Ríkisstjórn Noregs telur einnig rétt að taka fram, að jafnvel þótt framangreind skilyrði séu orðuð með sama hætti og skilyrði skaðabótaábyrgðar ríkis samkvæmt EB-rétti, verði að hafa hugfast að grundvöllur ábyrgðar sé ekki sá sami í EES-rétti og í EB-rétti. Því þurfi beiting skilyrðanna ekki nauðsynlega að vera sú sama að öllu leyti.¹⁵ Til dæmis telur ríkisstjórnin að dómaframkvæmd Evrópudómstólsins geti þróast á þann veg í framtíðinni, að upp komi þær aðstæður að skaðabótaábyrgð ríkis yrði orðin svo nálæg beinum réttaráhrifum, að slíkt form skaðabótaábyrgðar fengist illa samrýmst einkennum EES-samningsins.

95. Þegar litið er til fyrsta skilyrðisins - að í reglunni sem brotin er verði að felast að einstaklingar öðlist tiltekin réttindi – tekur ríkisstjórn Noregs fram að EFTA-dómstóllinn og Evrópudómstóllinn hafi margsinnis skýrt það skilyrði. Ríkisstjórnin telur að réttindi ákveðinna einstaklinga verði að vera skýrt afmörkuð í ákvæðum tilskipunarinnar. Það eitt að hópur einstaklinga sé meðal þeirra sem minnst er á í markmiðslýsingu tilskipunar nægi ekki eitt og sér.¹⁶ Ríkisstjórnin bendir á að EFTA-dómstóllinn og Evrópudómstóllinn telji að ákvæði tilskipunar verði að bera með sér hver þessi réttindi einstaklinga séu.¹⁷ Einnig hefur verið lögð á það áhersla að réttindi einstaklinga verði að vera afmörkuð með óskilyrtum og nægilega skýrum hætti.¹⁸ Ríkisstjórnin segir að fyrsta skilyrði skaðabótaskyldu ríkis hafi jafnan talist fullnægt, þegar hin ranglega innleidda tilskipun felur í sér afmarkaðan rétt til skaðabóta frá öðrum einkaaðila eða yfirvöldum.¹⁹

96. Ríkisstjórn Noregs bendir í fyrsta lagi á að engin ákvæði þeirra tveggja tilskipana sem koma við sögu í máli þessu veiti starfsmönnum rétt til skaðabóta. Ákvæðin séu ekki þeirrar gerðar sem alla jafna myndi fullnægja fyrsta skilyrði skaðabótaábyrgðar ríkis. Enn fremur sé orðalag margra ákvæðanna almennt, og þeim megi betur lýsa sem mikilvægum viðmiðum sem stefna beri að, fremur en

¹⁴ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðra mála *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, 66. mgr., og *Karl K. Karlsson hf.*, 32. mgr.

¹⁵ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.*, 30. mgr.

¹⁶ Ríkisstjórn Noregs vísar til máls C-222/02 *Paul and Others* [2004] ECR I-9425, 40.–41. mgr.

¹⁷ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, 66. mgr., og sameinaðra mála C-178/94, C-179/94, C-188/94, C-189/94 og C-190/94 *Dillenkofer and Others* [1996] ECR I-4845, 27. mgr.

¹⁸ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.*, 37. mgr., og máls C-127/95 *Norbrook Laboratories* [1998] ECR I-1531, 108. mgr.

¹⁹ Ríkisstjórn Noregs vísar til sameinaðra mála C-6&9/90 *Francovich and Others* [1991] ECR I-5357, áður tilvitnaðra mála *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, *Dillenkofer and Others*, og máls E-8/07 *Celina Nguyen* [2008] EFTA Ct. Rep. bls. 224.

að þau tiltaki skýr réttindi með ákveðnu afmörkuðu efni til handa tilteknum einkaaðilum.²⁰

97. Enn fremur bendir ríkisstjórnin á, að 1. mgr. 5. gr., sem stefnandi vísar til, kveði með almennum hætti á um að vinnuveitanda sé „skylt að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við allar aðstæður í vinnu.“ Þetta beri ekki að skilja þannig, að vinnuveitanda sé skylt að tryggja algjörlega hættulaust vinnuumhverfi. Umdeildu ákvæði breskra laga sem takmarkaði skyldu vinnuveitanda við það sem væri „raunhæft að ætlast til“, hafi ekki verið vikið til hliðar af Evrópudómstólnum.²¹ Ríkisstjórnin heldur því fram, að þrátt fyrir stefnumið formálans um að bættar aðstæður starfsmanna megi „ekki víkja fyrir hreinum efnahagssjónarmiðum“, verði ekki litið svo á að efnahagssjónarmið séu með öllu útilokuð, þegar leitað er jafnvægis meðal annars á milli öryggis og þess sem framkvæmanlegt er.

98. Í tilskipun 89/391 gæti jafnvægis milli skyldna vinnuveitanda og starfsmanns að mati ríkisstjórnar Noregs. Þessa jafnvægis sjái sérstaklega stað í 1. mgr. 13. gr., en þar stendur að „[s]érhver starfsmaður [sé] ábyrgur fyrir því að gæta eigin öryggis og heilsu [...]“. Þá er þess einnig getið að í samræmi við þetta markmið segi í d-lið 2. mgr. 13. gr., að starfsmönnum beri að „upplýsa vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu án tafar um allar aðstæður við vinnu, þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar.“

99. Þá er þess getið að 1. mgr. 5. gr. skýri einungis að takmörkuðu leyti skyldur vinnuveitanda til að tryggja öruggt vinnuumhverfi.²² Ríkisstjórn Noregs telur að þessar skyldur séu betur skýrðar í öðrum ákvæðum og öðrum tilskipunum. Engu að síður er bent á, að meira að segja önnur ákvæði en 5. gr. – til dæmis 6. gr. – virðist skorta nauðsynlegan skýrleika til að hægt sé að slá því föstu hvert inntak skyldu vinnuveitanda er.

100. Með vísun til formála tilskipunar 89/391 telur ríkisstjórn Noregs einnig rétt að benda á að reglur aðildarríkjanna sem falla innan gildissviðs tilskipunarinnar séu afar ólíkar. Með skírskotun til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar bendir ríkisstjórnin jafnframt á, að aðildarríkin eigi enn í vandræðum með að skilja og innleiða tilskipun 92/57 réttilega.²³

101. Í ljósi þessa er að mati ríkisstjórnar Noregs hæpið, að einkaaðilar geti reitt sig á þessi meginákvæði tilskipananna sem grundvöll skaðabótaábyrgðar ríkis,

²⁰ Í þessu samhengi vísar ríkisstjórn Noregs til 1. gr. tilskipunar 89/391 sem kveður á um að tilskipunin innihaldi almennar reglur og almenn viðmið um framkvæmd þeirra reglna.

²¹ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðra mála C-127/05 *Commission v United Kingdom*, 53. og 55. mgr.

²² Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls C-127/05 *Commission v United Kingdom*, 41. mgr.

²³ COM (2008) 698 final, bls. 4 og 15.

jafnvel þótt innlendur dómstóll kæmist að þeirri niðurstöðu að tilskipanirnar hafi verið ranglega innleiddar í íslenskan rétt.

102. Við mat á öðru skilyrði skaðabótaábyrgðar ríkis – hvort um nægilega alvarlega vanrækslu á skuldbindingum ríkisins sé að ræða – bendir ríkisstjórn Noregs á, að EFTA-dómstóllinn hafi ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að úrslitum ráði hvort aðildarríkið hafi með „bersýnilegum og alvarlegum hætti“ litið fram hjá valdtakmörkunum sem leiði af EES-samningnum.²⁴ Ríkisstjórnin bendir á að önnur og léttvægari mistök eða misskilningur af hálfu ríkis leiði þar af leiðandi ekki til skaðabótaábyrgðar samkvæmt EES-rétti.

103. Ríkisstjórnin bendir jafnframt á að EFTA-dómstóllinn hafi einnig talið, að dómstóll aðildarríkis verði að taka tillit til allra atriða sem skipt geta máli við mat á því hvort um bersýnilegt og alvarlegt brot ríkis hafi verið að ræða. Meðal þeirra atriða eru skýrleiki og nákvæmni reglunnar sem brotið var gegn; hversu mikið mat ákvæðið eftirlætur innlendum valdhöfum; hvort brotið sem um er að ræða og tjónið sem það olli hafi verið framið vísvitandi eða óviljandi; hvort lögvilla hafi verið afsakanleg eða óafsanleg.²⁵

104. Þótt takmarkaðar upplýsingar sé að finna í beiðninni um ráðgefandi álit telur ríkisstjórn Noregs margt benda til þess, að íslenskur dómstóll ætti að hafna kröfu um skaðabótaábyrgð ríkisins vegna þess að hugsanlega hafi verið staðið ranglega að innleiðingu tilskipanna í máli þessu.

105. Í fyrsta lagi tekur ríkisstjórnin fram að ólíkt aðstæðum í áður tilvitnuðum dómum í málum *Karls K. Karlssonar hf.* og *Celinu Nguyen* virðist engin dómaframkvæmd vera fyrir hendi sem gefi skýra vísbendingu um að Ísland hafi innleitt tilskipanirnar á rangan hátt.

106. Í öðru lagi telur ríkisstjórn Noregs að tilskipanirnar virðist eftirláta innlendum valdhöfum svigrúm til mats um hvernig beri að innleiða þær. Ríkisstjórnin telur að hugtakið „svigrúm til mats“ hafi verið notað í mismunandi skilningi í dómaframkvæmd þegar kveðið er á um alvarleika brots á reglum EB- eða EES-réttar. Fyrri skilningur hugtaksins vísi til aðstæðna þar sem ríkið getur valið á milli mismunandi leiða við lögfestingu, sem allar samræmast EB- og EES-rétti. Ríkisstjórnin telur að sú sé raunin í máli þessu, því svo virðist sem hægt sé að innleiða ákvæðin réttilega á marga vegu.

107. Ríkisstjórnin heldur því fram að síðari skilningur hugtaksins „svigrúm til mats“ tengist „skýrleika og nákvæmni“ ákvæða tilskipananna. Í þessu samhengi er vísað til þess, að Evrópu dómstóllinn hafi talið að matið sem ríkjunum er eftirlátið sé mikilvægt viðmið, þegar afstaða er tekin til þess hvort brotið sé

²⁴ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðra mála *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, 68. mgr., *Karl K. Karlsson hf.*, 38. mgr., og *Celina Nguyen*, 33. mgr.

²⁵ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðra mála *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, 69. mgr., *Karl K. Karlsson hf.*, 38. mgr., og *Celina Nguyen*, 33. mgr.

nægilega alvarlegt og að þetta mat sé verulega háð skýrleika og nákvæmni reglunnar sem farið var gegn.²⁶

108. Í þriðja lagi vísar ríkisstjórn Noregs til dóms í máli *British Telecommunications*.²⁷ Í þeim dómi hafi Evrópudómstóllinn lagt áherslu á, að orðalag hinna umdeildu ákvæða væri ónákvæmt og til þess fallið að leiða af sér þann skilning sem hlutaðeigandi aðildarríki hafði lagt í það, í góðri trú og á grundvelli röksemda sem ekki gátu talist haldlausar. Önnur aðildarríki hafi einnig lagt sama skilning í ákvæðið, og sá skilningur hafi hvorki talist andstæður orðalagi né markmiði hinnar umdeildu tilskipunar (sjá 43. mgr.).

109. Í fjórða lagi leggur ríkisstjórn Noregs áherslu á, að meginákvæði hinna umræddu tilskipana séu almennt orðuð, og þau afmarki ekki efni réttindanna með skýrum hætti. Þetta sé einnig til merkis um, að sérhver mistök sem kunni að hafa orðið við innleiðingu íslenska ríkisins á tilskipununum séu „afsakanleg“.

110. Hvað þriðja skilyrðið varðar – að orsakasamband verði að vera á milli vanrækslu á skuldbindingum ríkisins og tjóns bótakrefjanda – bendir ríkisstjórn Noregs einungis á að það sé íslenskra dómstóla að meta hvort svo sé.²⁸

111. Í ljósi framangreinds er lagt til að síðari spurningunni verði svarað með eftirfarandi hætti, ef afstaða verður tekin til hennar:

Það er innlendra dómstóla að meta hvort þau ákvæði tilskipana 89/391 og 92/57 sem við eiga hafi verið réttilega lögfest og, ef sú er niðurstaðan, hvort skilyrðum skaðabótaábyrgðar ríkisins sé fullnægt. Skilyrðin eru: í fyrsta lagi að felast verði í reglunni sem brotin er að einstaklingar öðlist tiltekin réttindi sem eru óskilyrt og nægilega nákvæm; í öðru lagi að brotið sé nægilega alvarlegt; og í þriðja lagi að beint orsakasamband sé milli brots ríkisins á skuldbindingum sínum og tjóns bótakrefjanda.

Eftirlitsstofnun EFTA

Fyrri spurningin

112. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur kjarna fyrri spurningarinnar vera, hvort tilskipun 89/391 mæli fyrir um sérstaka bótaábyrgð vinnuveitenda, og hvort og í hve miklum mæli líta megi til eigin sakar starfsmanns, þegar kveðið er á um skaðabætur vegna vinnuslysa.

113. Hvað varðar skaðabótaábyrgð vinnuveitenda tekur ESA fram, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. hvíli sú skylda á vinnuveitanda að tryggja öryggi og heilsu

²⁶ Ríkisstjórn Noregs vísar til máls C-278/05 *Robins and Others* [2007] ECR I-1053, 72.–73. mgr., og máls C-452/06 *Synthon* [2008] ECR I-7681, 39.mgr.

²⁷ Mál C-392/93 *The Queen/H.M. Treasury, ex parte British Telecommunications* [1996] ECR I-1631.

²⁸ Ríkisstjórn Noregs vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.*, 47. mgr.

starfsmanna við allar aðstæður í vinnu. Í áður tilvitnuðu máli C-127/05 *Commission v United Kingdom* taldi framkvæmdastjórnin, að Bretland hefði vanrækt skyldur sínar samkvæmt ákvæðinu með því að innleiða ekki reglur um hlutlæga ábyrgð vinnuveitenda. Samkvæmt breskum lögum báru vinnuveitendur einungis skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem stafaði af vanrækslu þeirra á varúðarskyldum sínum gagnvart starfsmönnum. Evrópudómstóllinn hafnaði röksemdum framkvæmdastjórnarinnar og taldi m.a. að 1. mgr. 5. gr. kvæði ekki á um neins konar skaðabótaskyldu (sjá 41.- 42. mgr.).

114. Þá tekur ESA fram að athugun Evrópudómstólsins hafi jafnframt tekið til þess hvort lesa mætti úr 5. gr. skyldu til að lögfesta slíka ábyrgð vinnuveitanda án sakar, og hafi dómstóllinn talið svo ekki vera.²⁹

115. Í ljósi þessa dóms er að mati ESA ljóst að innleiðing tilskipunar 89/391 krefjist ekki lögfestingar reglu um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda. ESA telur að skaðabótaábyrgð á grundvelli vanrækrar varúðarskyldu samkvæmt enskum lögum svipi í aðalatriðum til þeirrar skaðabótaábyrgðar sem lögð er á vinnuveitendur samkvæmt íslenskum skaðabótarétti. Því sé engin ástæðu til að víkja frá niðurstöðu Evrópudómstólsins hvað þetta varðar, og telur ESA þær skyldur sem mælt er fyrir um í íslenskum lögum í grundvallaratriðum samræmast 5. gr. tilskipunar 89/391.

116. Þegar litið er til ábyrgðar starfsmanna tekur athugun ESA til þess, hvort efast megi um gildi ofangreindrar niðurstöðu, þegar fjallað er um þær skyldur sem lagðar eru á starfsmenn samkvæmt íslenskum lögum og leiddu til þess, að stefnandi hlaut engar skaðabætur.

117. Í ljósi niðurstöðu Evrópudómstólsins sem reifuð var að framan og þess að engin ákvæði hníga í aðra átt, telur ESA það samræmast 5. gr. tilskipunar 89/391, að tekið sé tillit til hegðunar starfsmanns þegar metin er skaðabótaábyrgð vegna vinnuslysa. Að mati ESA styðst þessi niðurstaða við ákvæði 13. gr. tilskipunarinnar um skyldur starfsmanna varðandi heilsu og öryggi á vinnustað. ESA telur d-lið 2. mgr. 13. gr. hafa sérstaka þýðingu í máli þessu. Starfsmenn eigi, í samræmi við þjálfun sína og leiðbeiningar sem þeir hafa hlotið frá vinnuveitanda sínum, að upplýsa hann án tafar um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin, og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar. Fyrst löggjafinn setti sérstakt ákvæði um skyldur starfsmanna, telur ESA örökrétt að líta svo á, að tilskipunin standi því í vegi að tekið sé tillit til brota á þeim skyldum, þegar afstaða er tekin til skaðabótaskyldu vegna tjóns í landsrétti.

118. ESA telur að með fyrri spurningunni sé leitast við að fá úr því skorið, hvort sú sé raunin „þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað.“ Eins og ESA skilur dóm Hæstaréttar 20. desember 2005 og beiðnina um ráðgefandi álit, var

²⁹ ESA vísar til áður tilvitnaðs máls C-127/05 *Commission v United Kingdom*, 48–50. mgr.

vinnuveitandinn ekki talinn hafa vanrækt öryggisreglur. Að svo miklu leyti sem þessi skilningur er réttur, telur ESA þennan hluta spurningarinnar ekki hafa þýðingu við meðferð málsins fyrir landsdómstólnum. Alltaf beri að taka tillit til sakar hvors aðila fyrir sig þegar metið er hvort sakarskipting eigi við.

119. Að mati ESA hefur það þýðingu í máli þessu að gengið sé úr skugga um, hvort þær skyldur sem íslensk lög leggja á starfsmann séu svo þungbærar, að þær geri að engu skyldur vinnuveitanda samkvæmt tilskipuninni. Á grundvelli þeirrar lýsingar á íslenskri löggjöf sem áður er gerð grein fyrir, er sú ekki raunin að mati ESA. Stofnunin bendir á að varúðarskylda starfsmanns svari til reynslu hans og lúti að því, að hann stofni ekki sjálfum sér í hættu, fremur en að skyldur vinnuveitanda séu yfirfærðar á starfsmann og hann þar með gerður ábyrgur fyrir öryggi vinnustaðarins.

120. Þegar litið er til samhengis íslenskra lagareglna bendir ESA á, að starfsmenn eigi alltaf rétt til bóta vegna vinnuslysa á grundvelli skyldutryggingar vinnuveitanda gegn vinnuslysum. Því telur ESA að íslenskur réttur myndi samræmast tilskipun 89/391, þótt 5. gr. kvæði á um strangari bótaábyrgð vinnuveitanda en þá sem felst í vanrækslu, þar sem hann gæti orðið ábyrgur fyrir minni sakir en gáleysi. Sama myndi gilda þótt dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að tilskipunin útiloki að litið sé til eigin sakar starfsmanns. Bent er á að skyldutrygging gegn vinnuslysum gildi óháð sök vinnuveitanda og/eða eigin sök starfsmanns.

121. ESA telur það enn fremur ekki skipti máli í þessu samhengi, þótt fjárhæð bóta sem greidd er samkvæmt vinnuslysatriyggingu sé lægri en skaðabætur samkvæmt skaðabótalögum. Jafnvel þótt strangari skaðabótaábyrgðar væri krafist, telur ESA ekkert í tilskipun 89/391 hindra að kerfi EES-ríkis sé þannig uppbyggt, að hærri bætur væru greiddar í þeim tilvikum þegar vinnuveitandi teldist eiga sök á slysi. ESA telur það, að tilskipunin mæli ekki fyrir um sérstakt form skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda, renna frekari stoðum undir þá skoðun að tilskipunin hafi ekki áhrif á bótafjárhæðina. Í því sambandi telur ESA að jafna megi þessu máli til áður tilvitnaðs dóms í máli *Höllu Helgadóttur*. Það mál hafi snúist um samþýðanleika staðlaðra skaðabóta samkvæmt skaðabótalögum við tilskipanir um ökutækjatriyggingar. Í því máli sagði dómstóllinn meðal annars: „heyra áhrif tilskipananna á reglur um skaðabótaábyrgð til undantekninga og verða takmörkuð. Hafa samningsríkin rúmar heimildir til mats í þessu efni“ (31. mgr.). Að því gættu að tilskipun 89/391 hefur enga bótareglu að geyma, er það skoðun ESA að þetta sjónarmið eigi enn frekar við í máli þessu.

122. Að lokum bendir ESA á að tilskipun 92/57 setji lágmarkskröfur um heilsu og öryggi á byggingarsvæðum, og að hún hafi engin ákvæði að geyma um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda. Þá er þess einnig getið að í beiðninni um ráðgefandi álit sé ekki tiltekið sérstaklega, hvaða ákvæði tilskipunarinnar skipti máli fyrir úrlausn landsdómstólsins. Því telur ESA ekki þörf á að fjalla nánar um þessa tilskipun.

123. ESA leggur því til að fyrri spurningunni verði svarað með eftirfarandi hætti:

Tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum útilokar ekki reglur landsréttar sem heimila að litið sé til hegðunar starfsmanns þegar skaðabótaábyrgð vegna tjóns er metin, þótt það geti leitt til þess að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera ábyrgð á tjóni sem hann verður fyrir vegna vinnuslyss.

Síðari spurningin

124. Þar sem aðeins sé þörf á að svara síðari spurningunni ef hinni fyrri er svarað neitandi, og þar sem ESA er þeirrar skoðunar að fyrri spurningunni beri að svara játandi, gerir stofnunin enga tillögu að svari við síðari spurningunni.

125. ESA ítrekar eigi að síður grundvallarskilyrðin fyrir skaðabótaskyldu ríkis, eins og þau birtast í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins.³⁰ Þungamiðja spurninganna, eins og þær hafi upphaflega verið orðaðar af Héraðsdómi Reykjavíkur, hafi verið sú, hvort íslensk lög eins og þau voru túlkuð af Hæstarétti Íslands í dómnum 20. desember 2005, fengju samrýmst EES-reglum. Verði niðurstaðan sú, að íslensk lög um skaðabótaábyrgð vegna vinnuslysa fái almennt samræmst EES-reglum, en niðurstaða framangreinds dóms ekki - vegna rangtúlkunar Hæstaréttar á reglunum – heldur ESA því fram að strangari skilyrði gildi um skaðabótaábyrgð ríkisins.³¹

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna

Fyrri spurningin

126. Svo unnt sé að svara fyrri spurningunni telur framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (framkvæmdastjórnin) nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort tilskipanirnar sem vísað er til skyldi aðildarríkin til að lögfesta skaðabótaábyrgð vinnuveitenda vegna vinnuslysa og afleiðingar þeirra.

127. Að mati framkvæmdastjórnarinnar er markmið tilskipunar 89/391 að mæla fyrir um ráðstafanir sem miða að því að bæta öryggi og heilsu vinnandi fólks. Það leiði af efni tilskipunarinnar og þá sérstaklega af reglum II. hluta, sem fjalla um skyldur vinnuveitenda, að þeir beri meginábyrgð á að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna. Í ljósi þessa telur framkvæmdastjórnin afar mikilvægt að tryggja að vinnuveitendur fullnægi skyldum sínum svo markmið tilskipunarinnar náist.

³⁰ ESA vísar til áður tilvitnaðs máls *Karl K. Karlsson hf.*, 32.-33. mgr.

³¹ ESA vísar til máls C-224/01 *Köbler* [2003] ECR I-10239, 53. mgr.

128. Framkvæmdastjórnin bendir á, að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391 leysir það vinnuveitanda ekki undan skyldum hans að fá til liðs við sig utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga til að annast heilsu- og öryggismál á vinnustað. Skyldur starfsmanna á sviði öryggis og hollustu við vinnu eigi heldur ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitanda, sbr. 3. mgr. 5. gr. Hins vegar bendir framkvæmdastjórnin á, að aðildarríki geti samkvæmt 4. mgr. 5. gr. takmarkað eða létt ábyrgð af vinnuveitanda, sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi getur ekki stjórnað.

129. Framkvæmdastjórnin bendir einnig á, að hvorki tilskipun 89/391 né tilskipun 92/57 kveði afdráttarlaust á um viðurlög eða sérstaka skaðabótaábyrgð, ef vinnuveitandi vanrækir skyldur sínar samkvæmt 5.-12. gr. tilskipunar 89/391 og þeim ákvæðum tilskipunar 92/57 sem við eiga. Eigi að síður heldur framkvæmdastjórnin því fram, að markmið tilskipunarinnar um að tryggja öryggi á vinnustað náist ekki á skilvirkan hátt með reglu sem kveði á um, að ábyrgðin hvíli á vinnuveitanda, en gangi ekki jafnframt út frá bótaábyrgð hans ef hann vanrækir skyldur sínar. Framkvæmdastjórnin vísar um þetta atriði til álits Mengozzi aðallögsögumans hjá Evrópudómstólnum, sem lagði áherslu á tengsl skyldu og skaðabótaábyrgðar vegna vanrækslu á henni samkvæmt tilskipun 89/391.³²

130. Framkvæmdastjórnin bendir enn fremur á, að þótt Evrópudómstóllinn hafi talið að aðildarríkin hafi frelsi til að velja með hvaða hætti tilskipun er innleidd í landsrétt, hafi það engin áhrif á skyldu þeirra til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja fulla virkni tilskipunarinnar í samræmi við markmið hennar.³³ Mæli EB-réttur ekki fyrir um sérstök viðurlög eða fyrirkomulag skaðabótaábyrgðar þegar brotið er gegn EB-löggjöf, eins og raunin er í þessu máli sem nú bíði úrlausnar íslenskra dómstóla, telur framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins, að þá verði viðurlög við slíkum brotum að fara eftir efnis- og málsmeðferðarreglum, sem jafna megi til þeirra er gilda um brot á landsrétti sem sé svipuð að eðli og mikilvægi. Í öllu falli verði viðurlögin að vera skilvirk, í samræmi við brotið og hafa varnaðaráhrif.³⁴

131. Framkvæmdastjórnin segir að í nýlegum tilskipunum á sviði vinnuréttar séu ákvæði um, að aðildarríkjum beri að ákveða viðeigandi viðurlög við brotum gegn þeim ákvæðum landsréttar sem innleiða tilskipun og tryggja, að þessi viðurlög séu skilvirk, í samræmi við brotið og hafi varnaðaráhrif.³⁵

³² Álit aðallögsögumansins í áður tilvitnuðu máli C-127/05 *Commission v United Kingdom*, 76. liður álitsins.

³³ Framkvæmdastjórnin vísar til máls 14/83 *Von Colson and Kamann* [1984] ECR 1891, 15. mgr., og máls C-208/90 *Emmott* [1991] ECR I-4269, 18. mgr.

³⁴ Framkvæmdastjórnin vísar til sameinaðra mála C-58/95, C-75/95, C-112/95, C-119/95, C-123/95, C-135/95, C-140/95, C-141/95, C-154/95 og C-157/95 *Gallotti and Others* [1996] ECR I-4345, 14. mgr., og máls C-212/04 *Adeneler and Others* [2006] ECR I-6057, 94. mgr.

³⁵ Framkvæmdastjórnin vísar til 2. gr. tilskipunar ráðsins nr. 2010/18/EU.

132. Framkvæmdastjórnin heldur því einnig fram að Evrópudómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að þótt engu reglu sé að finna um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391 takmarki sú staðreynd ekki ábyrgð hans.³⁶

133. Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar er sú, að við aðstæður eins og í máli þessu sem nú sé til meðferðar hjá íslenskum dómstólum, þar sem fyrir liggja að vinnuveitandi hafi ekki að eigin frumkvæði farið að reglum um öryggi á vinnustað, eigi vinnuveitandinn að bera ábyrgð á vanrækslu á skyldum sem á hann séu lagðar í tilskipunum 89/391 og 92/57, almennum og sérstökum, svo það markmið að bæta öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustað megi nást.

134. Framkvæmdastjórnin telur, að skaðabótaskylda vinnuveitanda vegna tjóns af vinnuslysi sem stafar af vanrækslu hans á skyldum sínum samkvæmt löggjöf um öryggi og heilsu, megi telja skilvirk viðurlög sem séu í samræmi við brotið og hafi varnaðaráhrif. Slík skaðabótaskylda geri ákvæði tilskipunarinnar um skyldur vinnuveitanda fyllilega virk.

135. Á grundvelli fyrrgreindra röksemda leggur framkvæmdastjórnin til að fyrri spurningunni verði svarað með eftirfarandi hætti:

Túlka verður tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og tilskipun ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum þannig að þær útiloki reglur landsréttar sem mæla fyrir að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera alla ábyrgð á tjóni, sem hann verður fyrir vegna vinnuslyss, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað.

Síðari spurningin

136. Framkvæmdastjórnin minnir á rétt einstaklings til að bera fyrir sig skaðabótaábyrgð aðildarríkis vegna brota á EES- og EB-rétti, þegar reglunni sem brotið hefur verið gegn er ætlað að veita einstaklingum réttindi; þegar brot ríkisins er nægilega alvarlegt, og orsakasamband er á milli brots aðildarríkisins á skuldbindingum sínum og tjóns bótakrefjanda.³⁷

137. Enn fremur telur framkvæmdastjórnin það leiða af viðurkenndri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins að réttindi einstaklinga samkvæmt EES- og

³⁶ Framkvæmdastjórnin vísar til áður tilvitnaðs máls C-127/05 *Commission v United Kingdom*, 42., 50. og 51. mgr.

³⁷ Framkvæmdastjórnin vísar til sameinaðra mála C-46&48/93 *Brasserie du Pêcheur and Factortame* [1996] ECR I-1026, 51. mgr.

EB-rétti njóti því aðeins verndar, að þeir eigi þess kost að bera undir innlenda dómstóla kröfu sína um skaðabætur vegna tjóns, sem orðið hefur vegna brots á þessum réttindum og rekja má til úrskurðar dómstóls á æðsta dómstigi.³⁸

138. Að lokum tekur framkvæmdastjórnin fram, að það sé íslenskra dómstóla í kjölfar mats á öllum atvikum og aðstæðum máls og í samræmi við viðurkennda dómaframkvæmd um bótaábyrgð ríkis vegna brota á EES- og EB-rétti, að ákveða hvort íslenska ríkið sé skaðabótaskyldt vegna rangrar innleiðingar tilskipana 89/391 og 92/57.

139. Í samræmi við þetta leggur framkvæmdastjórnin til að síðari spurningunni sé svarað með eftirfarandi hætti:

Það er í verkahring landsdómstóls á grundvelli mats á öllum atvikum og aðstæðum máls, og í samræmi við viðurkennda dómaframkvæmd um bótaábyrgð ríkis vegna brota á EES- og EB-rétti, að ákveða hvort íslenska ríkið sé skaðabótaskyldt vegna rangrar innleiðingar þeirra tilskipana sem um ræðir.

Henrik Bull
Framsögumaður

³⁸ Framkvæmdastjórnin vísar til áður tilvitnaðs máls *Köbler*, 36. mgr.